

Félagsvísar: Lífskjör og lífsgæði barna

Social indicators: The quality of children's lives

Samantekt

Árið 2014 bjuggu 11,4% barna á heimilum sem áttu mjög erfitt með að láta enda ná saman, 10% á heimilum undir lágtekjumörkum og 7,7% á heimilum sem skorti efnisleg gæði. Hlutfall barna sem bjó á heimilum sem áttu mjög erfitt með að láta enda ná saman lækkaði um 2,9 prósentustig á milli ára, hlutfallið undir lágtekjumörkum um 2,2 prósentustig og hlutfallið sem skorti efnisleg gæði um 0,6%.

Árið 2013 var hlutfall barna á heimilum undir lágtekjumörkum á Íslandi það fimmta lægsta í Evrópu og hlutfall barna á heimilum sem skorti efnisleg gæði það sjötta lægsta. Hlutfall heimila barna sem áttu mjög erfitt með að láta enda ná saman er hinsvegar svipað og meðaltal evrusvæðisins.

Það er fremur fátítt að börn á Íslandi skorti tiltekin lífsgæði. Á þessu er ein undantekning sem er þátttaka í reglulegri tómstundaiðju. Árið 2014 var tæpur þriðjungur barna á Íslandi ekki í reglulegu tómstundastarfi en árið 2009 var hlutfallið 14,3%.

Árið 2014 voru 37% barna í lægsta fimmtungi tekjudreifingarinnar ekki í reglulegri tómstundaiðju samanborið við 18,5% í hæsta fimmtungnum. Það á einnig við um 45,1% barna foreldra sem aðeins höfðu lokið grunnnámi samanborið við 27,5% barna foreldra sem höfðu lokið háskólanámi.

Inngangur

Í nóvember 2014 gaf Hagstofan út greiningu á fátækt barna.¹ Þær tölur hafa nú verið uppfærðar en að auki birtum við hér nýjar upplýsingar um lífskjör og lífsgæði barna á Íslandi. Áður hafa verið birtar tölur um hlutfall barna sem bjuggu á heimilum undir lágtekjumörkum og heimilum sem skorti efnisleg gæði. Nú bætast við upplýsingar um hlutfall barna á heimilum sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman. Að auki eru að þessu sinni birtar niðurstöður mælinga frá 2009 og 2014 á hlutfalli barna sem skortir tiltekin lífsgæði með frekari greiningu á tómstundaiðju 1–15 ára barna.

¹ Hagtíðindi, 99. árg., 37. tbl., 10. nóvember 2014: [Félagsvísar: Börn og fátækt](#).




Lágar tekjur, skortur og þrengingar

Lífskjör barna batna á milli 2013 og 2014

Mynd 1 sýnir hlutfall barna sem búa við bág lífskjör samkvæmt þremur mismunandi mælingum. Þær mælingar sem um ræðir eru hefðbundin lágtekjumörk, skortur á efnislegum gæðum og miklir erfiðleikar við að láta enda ná saman sem gefa allar mynd af lífskjörum þess heimilis sem barnið tilheyrir. Mælingarnar benda til þess að lífskjör barna hafi batnað lítillega á milli 2013 og 2014. Hlutfall barna á heimilum sem áttu mjög erfitt með að láta enda ná saman lækkaði úr 14,3% í 11,4%, hlutfall á heimilum undir lágtekjumörkum lækkaði úr 12,2% í 10% og hlutfall á heimilum sem skortir efnisleg gæði lækkaði úr 8,3% í 7,7%. Ef við horfum til lengri tíma er niðurstaðan ekki jafn skýr. Raunar virðist hlutfall barna sem býr á heimilum sem skortir efnisleg gæði hafa verið nokkuð stöðugt frá 2010. Á hinn bóginn er hlutfallið undir lágtekjumörkum ekki sérlega stöðugt. Erfitt er að greina ákveðna þróun og virðist heldur vera um stefnulaust flókt að ræða. Aftur á móti er hægt að draga þá ályktun að hlutfall barna á heimilum sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman hafi leitað niður á við frá árinu 2010. Það ár var hlutfallið 15,6%, sem er það hæsta frá því mælingar hófust, en síðan þá hefur það lækkað um 4,2 prósentustig.

Mynd 1. Börn sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum, sem skortir efnisleg gæði eða eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman

Figure 1. Children living in households at risk of poverty, suffering material deprivation, or have great difficulties making ends meet




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Lágtekjumörk $\pm 2,2$; skortur á efnislegum gæðum $\pm 2,1$; mjög erfitt að láta enda ná saman $\pm 2,2$. CI (95%) 2014: At risk of poverty rate $\pm 2,2$; material deprivation $\pm 2,1$; very difficult to make ends meet $\pm 2,2$.

Hlutfall barna á heimilum undir lágtekjumörkum og á heimilum sem skortir efnisleg gæði er með lægra móti árið 2013

Myndir 2, 3 og 4 setja stöðuna í Íslandi árið 2013 í evrópskt samhengi. Mynd 2 sýnir hlutfall barna á heimilum undir lágtekjumörkum og mynd 3 sýnir hlutfall barna á heimilum sem skortir efnisleg gæði. Mynd 4 sýnir hinsvegar hlutfall heimila barna sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman, sem skýrist af því að Eurostat hefur aðeins birt þessa mælingu fyrir heimili en ekki einstaklinga. Hlutfallið er því ögn lægra í mynd 1 en í mynd 4.

Mynd 2. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum í Evrópu 2013

Figure 2. Children at risk of poverty in Europe 2013




Heimild Source: Eurostat.

Hlutfall heimila barna sem áttu mjög erfitt með að láta enda ná saman svipað og á evrusvæðinu árið 2013

Myndir 2 og 3 sýna að svo virðist sem lífskjör barna séu með besta móti á Íslandi í samanburði við önnur lönd sem taka þátt í evrópsku lífskjararannsókninni. Ísland var með fimmta lágsta hlutfall barna undir lágtekjumörkum árið 2013, eða 12,2%, og sjötta lágsta hlutfallið sem skorti efnisleg gæði, eða 8,3%. Mynd 4 segir aðra sögu. Ísland er um miðju dreifingarinnar með 12,9% heimila barna sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman, sem er svipað og meðaltal evrusvæðisins, sem er 13,4%.

Mynd 3. Börn sem skortir efnisleg gæði í Evrópu 2013

Figure 3. Children living in materially deprived households in Europe 2013




Heimild Source: Eurostat.

Lífsgæði barna

Árið 2009 voru þátttakendur í lífsgæðarannsókninni spurðir sérstaklega hvort börn á heimilum þeirra nyttu tiltekinn lífsgæða sem lúta að næringu, félagslegri þátttöku og ýmsum aðbúnaði. Ástæðan fyrir þessari áherslu var að lífsgæðamælingar sem beinast að heimilum gefa ekki nægilega skýra mynd af lífsgæðum barna. Til að mynda eru dæmi um að foreldrar með lágar tekjur reyni að hlífa börnum sínum við skorti eins og kostur er. Fyrir vikið er ekki sjálfgefið að börn á heimilum sem búa við bág kjör líði skort. Að sama skapi geta börn á tekjuháum heimilum búið við skort af öðrum ástæðum en efnahagslegum. Spurningarnar eru lagðar fyrir heimili 1–15 ára barna, sem er annað aldursbil en við notum til að skilgreina börn í hefðbundnum lífsgæðamælingum (þ.e. 17 ára og yngri).

Mynd 4. Heimili barna sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman 2013

Figure 4. Households with children finding it very difficult to make ends meet 2013



Heimild Source: Eurostat. * Tölur frá 2012. Data for 2012.

Spurningarnar voru endurteknar árið 2014 með vissum breytingum, þ.e. tveimur spurningum var sleppt og einni bætt við. Ekki var spurt hvort börn hefðu aðgang að útileiksvæði þar sem spurningin þótti ekki nægilega tengd megin viðfangsefni rannsóknarinnar, þ.e. lífsgörum. Spurningu um hvort börn fengju a.m.k. þrjár máltíðir á dag var einnig sleppt þar sem lítil munur var á milli landa á þessari mælingu árið 2009 enda afar fátítt að fólk svaraði þessari spurningu neitandi. Árið 2014 var bætt við spurningu um hvort börn gætu farið í viku langt frí frá heimili sínu.

Líkt og með mælingar á skorti á efnislegum gæðum heimila var þátttakendum gefinn kostur á því að tilgreina hvort skortur á tilteknum gæðum væri tilkominn vegna þess að heimilið hefði ekki efni á þeim eða hvort aðrar ástæður lægju að baki. Þessar ástæður voru ekki lagðar til grundvallar þeirri greiningu sem hér fylgir og eru fyrir því nokkur rök.

Í fyrsta lagi er skortur barna á tilteknum gæðum frábrugðinn skorti fullorðinna á efnislegum gæðum að því leyti að á meðal fullorðinna eru það sömu einstaklingar og skortir tiltekin gæði sem taka ákvörðun um að neita sér um þau, þó slíkar


ákvarðanir stjórnist ósjaldan af aðstæðum. Börn hafa hinsvegar minna um útgjalda-ákvarðanir heimila að segja. Þá má einnig færa rök fyrir því að það sem skipti börn máli sé skorturinn fremur en hvort hann hlýst af efnahagslegum ástæðum eða til dæmis gildum eða skoðunum foreldra þeirra.

Þá er ástæða til að fara varlega í túlkun á mati fólks á ástæðum fyrir því að börnin þeirra skorti tiltekin. Ekki svo að skilja að þátttakendur í könnunum gefi vísitandi upp röng svör. Lífsgæði barnanna okkar rista djúpt og hvernig fólk skýrir orsakir þeirra getur hæglega ráðist af gildismati og aðstæðum á hverjum tíma. Þannig má t.d. hugsa sér að ef fátækt er tengd skömm sé fólk líklegra til að finna aðrar skýringar en efnahagslegar þegar börnin þeirra skortir lífsgæði, til að mynda að tiltekin gæði stangist á við mikilvæg gildi og gera þannig dyggð úr nauðsyn. Ef aðstæður breytast þannig að það verði almennur skilningur að fjárhagsþrengingar séu nokkuð útbreiddar í samfélaginu getur þetta snúist við þannig að fólk sem neitar börnum sínum um tiltekin gæði af öðrum ástæðum grípur til efnahagsskýringa af því þær séu á einhvern hátt ásættanlegri en hin raunverulega orsök.

Af þessum ástæðum er lögð áhersla á hlutfall barna sem skortir tiltekin gæði en efnahagslegi þátturinn tekinn inn sem skýringarbreyta.

Mynd 5. Börn 1–15 ára sem skortir tiltekin lífsgæði

Figure 5. Children 1–15 years deprived of specific goods



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Upplýsingar um öryggisbil er að finna í töflu 10 í síðasta hluta þessara Hagtiðinda. CI (95%) 2014: Information on confidence intervals can be found in table 10 at the end of this statistical bulletin. *Aðeins 2009 2009 only; ** Aðeins 2014 2014 only.

Notes: (1) Week long vacation away from home; (2) Outdoor space in neighbourhood where children can play; (3) Suitable place to study or do homework; (4) Participate in school trips that cost money; (5) Invite friends to play and eat from time to time; (6) Celebrations on special occasions; (7) Regular leisure activity; (8) Indoor games; (9) Outdoor leisure equipment (10) Books at home suitable for age; (11) One meal a day with meat, chicken, fish or vegetarian equivalent; (12) Three meals a day; (13) Fresh fruits and vegetables once a day; (14) 2 pairs of properly fitting shoes; (15) Some new clothes.

Fátítt að börn á Íslandi skorti lífsgæði, ef tómskundaiðkun er undanskilin

Á heildina litið er afar fátítt að börn skorti tiltekin lífsgæði á Íslandi, ef tómskundastarf er tekið út fyrir sviga. Árið 2009 var hlutfallið lægst 0,3% fyrir innileikföng og aðstöðu til heimanáms og hæst 4,4% fyrir aðgang að útileiksvæði. Ef aðeins er horft til mælinga sem voru endurteknar árið 2014 var hæsta hlutfallið 3,2% sem ekki fengu ávexti og grænmeti að lágmarki einu sinni á dag. Hlutfallið hækkaði á milli mælinga fyrir öll gæði nema eitt. Hlutfall barna sem ekki fengu ávexti eða grænmeti einusinni á dag lækkaði um 2,5 prósentustig. Hlutfall barna sem ekki gátu fengið vini í heimsókn og mat hækkaði hinsvegar um 2,2 prósentustig. Árið 2014 var lægsta hlutfallið 0,4% fyrir aðstöðu til heimanáms og hæsta hlutfallið var 3,8% sem gátu ekki fengið vini í heimsókn og mat.

Á þessum tímapunkti liggja ekki fyrir sambærilegar greiningar á þessum mælingum frá Eurostat. Rannsókn sem byggðist á gögnum lífshjúðarannsóknarinnar frá 2009 sýndi þó að skortur barna á lífsgæðum væri minni á Íslandi en í hinum Evrópulöndunum.¹ Það ár var hinsvegar óvenjulegt þar sem árin á undan höfðu einkennst af óvenjulegri hagsæld og áhrif þeirra gætti enn vorið 2009 þegar gögnunum var safnað. Þannig bjuggu aðeins 3,4% íbúa landsins á heimilum sem skorti efnisleg gæði árið 2009, sem var mun lægra en á árunum 2004–2007 og 2010–2013.²

Eins og fram er komið er reglulegt tómskundastarf undantekningin. Hlutfall barna sem var ekki í reglulegu tómskundastarfi var mun herra en hlutfall barna sem ekki nutu annarra gæða. Þetta á við um bæði árin en auk þess hækkaði hlutfallið umtalsvert á milli mælinga. Árið 2009 voru 14,3% barna ekki í reglulegu tómskundastarfi en árið 2014 var hlutfallið 32,2%, sem er hækkan upp á 17,9 prósentustig. Eins og fram hefur komið var árið 2009 óvenju gott ár hvað varðar mælingar á skorti og lífsgæðum og því verður að fara varlega í að túlka breytinguna á milli 2009 og 2014.

Almennt eru hlutföll barna sem skortir tiltekin gæði of lág til að það sé upplýsandi að greina þau frekar. Fjöldi einstaklinga á bakvið greiningarnar yrði of lítill og óvissa um niðurstöður mikil í samræmi við það. Þar sem þetta á ekki við um tómskundir barna, auk þess sem breytingin á milli mælinga er umtalsverð, er ástæða til að skoða þær nánar.

Tómskundir barna


Lítill munur á tómskundaiðkun drengja og stúlkna árið 2014

Mynd 6 sýnir hlutfall barna sem ekki voru í reglulegu tómskundastarfi árin 2009 og 2014 sundurgreint eftir kyni. Árið 2009 var hlutfallið herra hjá drengjum en stúlkum, 16,5% samanborið við 12,2%. Árið 2014 hafði hlutfall beggja kynja hækkað mikið og munurinn á milli þeirra svo gott sem horfinn. Það ár voru 32,6% drengja ekki í reglulegu tómskundastarfi og 31,9% stúlkna.

¹ Martorano, B., Natali, L., de Neubourg, C., og Bradshaw, J. (2013). [Child Well-being in Advanced Economies in the late 2000s](#), *Innocenti Working Paper 2013-01*. Florence: Unicef Office of Research.

² Hagtiðindi, 99. árg., 21. tbl., 30. júní 2014: [Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013](#).


Mynd 6. Börn 1–15 ára eftir kyni sem ekki eru í skipulögðu tómstundastarfi
 Figure 6. Children 1–15 years by sex that do not participate in organized leisure activities



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Drengir $\pm 4,2$; stúlkur $\pm 4,2$. CI (95%) 2014: Boys ± 4.2 ; girls ± 4.2 .

Mynd 7. Börn 1–15 ára sem ekki eru í skipulögðu tómstundastarfi eftir búsetu

Figure 7. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by degree of urbanization




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Déttbýli $\pm 4,5$; dreifbýli $\pm 5,5$. CI (95%) 2014: Densely populated areas ± 4.5 ; sparsely populated areas ± 5.5 .

Mynd 7 greinir tómstundastarf barna eftir búsetu. Bæði árin er hlutfallið ögn hærra í þéttbýli en dreifbýli en munurinn er þó afar lítill og ekki tölfræðilega marktækur. Árið 2014 iðkuðu 32,6% barna í þéttbýli og 31,7% í dreifbýli ekki reglulegt tómstundastarf.

Mynd 8. Börn 1–15 ára eftir tekjubilum sem ekki eru í skipulögðu tómstundastarfi

Figure 8. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by income quintiles



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 1-20% ± 7,4; 21-40% ± 7,1; 41-60% ± 7,1; 61-80% ± 7,3; 81-100% ± 8,0. CI (95%) 2014: 1-20% ± 7,4; 21-40% ± 7,1; 41-60% ± 7,1; 61-80% ± 7,3; 81-100% ± 8,0.


Tengsl tekna og
tómstundastarfs barna sterkari
árið 2014 en 2009

Árið 2014 mátti sjá nokkuð skýrt samband á milli tekna og tómstundastarfs. Mynd 8 sýnir hlutfall barna á hverju fimm tungabili tekjudreifingarinnar sem stundaði ekki reglulegt tómstundastarf. Hlutföllin eru hæst á neðstu tekjubilunum tveimur, eða 37% á neðsta bilinu og 40,7% á því næst neðsta. Hlutföllin lækka svo með hækkandi tekjum, eða 28,9% á þriðja bilinu, 24,2% á því fjórða og 18,5% á því efsta.

Það er athyglivert að tengsl tekna og tómstundastarfs barna voru ekki eins skýr árið 2009. Hlutfallið var vissulega hæst í neðsta bilinu, 17%, og lægst í því efsta, 10,8%, en einnig fremur lágt í þriðja bilinu, 11,1%. Þá var hlutfallið svipað í öðru og fjórða bili, eða 16,2% og 15,2%. Þetta gæti verið vísbending um að áhrif fjárhags heimila á möguleika barna til tómstundaiðju hafi aukist í kjölfar hrunsins.

Myndir 9 og 10 sýna tómstundaiðkun barna eftir aldri þeirra annarsvegar og aldri foreldra hinsvegar. Hvað varðar aldur barna (mynd 9) þá er hlutfallið sem er ekki í reglulegu tómstundastarfi hæst á yngsta aldursbilinu, 47,7%. Hlutfallið er umtalsvert lægra á eldri aldursbilunum, eða 24,3% á aldrinum 6–10 ára og 22,7% á aldrinum 11–15 ára. Ein skýring á herra hlutfalli á yngsta aldursbilinu er að hluti barnanna eru full ung til að stunda reglulegt tómstundastarf. Það er ósennilegt að þetta sé eina skýringin enda hafði hlutfallið í yngsta hópnum hækkað um 20 prósentustig frá 2009.

Mynd 9. Börn 1–15 ára eftir aldri sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi
Figure 9. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities by child's age



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 1-5 ára $\pm 5,1$; 6-10 ára $\pm 4,5$; 11-15 ára $\pm 3,9$. CI (95%) 2014: 1–5 years old ± 5.1 ; 6–10 years old ± 4.5 ; 11–15 years old ± 3.9 .

Önnur skýring kann að liggja í aldri foreldra, en það er jákvæð fylgni á milli aldurs barna og aldurs eldra foreldris (0,676 árið 2014), sem þýðir að yngri börn eiga að jafnaði yngri foreldra. Aldur foreldra hefur einkum áhrif fyrir tilstuðlan efnahagslegra þátta, en tekjur hækka að gjarnan með aldri.¹ Efnameiri foreldrar geta leyft börnum sínum meira en hinir efnaminni.


Börn yngri foreldra síður líkleg til að stunda reglulegt tómstundastarf en börn eldri foreldra

Mynd 10 sýnir skýr tengsl á milli aldurs foreldra og tómstundaiðkunar barna. Tengslin eru svipuð árin 2009 og 2014 en hlutfallið er hærra í öllum aldursbilum seinna árið. 50,7% barna sem eiga foreldra sem eru yngri en 30 ára voru ekki í reglulegu tómstundastarfi, 38% barna sem áttu foreldri á aldrinum 30–39 ára, 25,5% barna sem áttu foreldri á aldrinum 40–49 ára og 18,5% barna foreldra 50 ára og eldri.

¹ Blundell, Richard (2014). „Income Dynamics and Life-cycle Inequality: Mechanisms and Controversies“. *The Economic Journal* 124(576), bls. 289–318. doi: [10.1111/eoj.12133](https://doi.org/10.1111/eoj.12133).

Mynd 10. Börn 1–15 ára sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi eftir aldri eldra foreldris


Figure 10. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by older parent's age



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: <30 ára $\pm 12,5$; 30-39 ára $\pm 5,9$; 40-49 ára $\pm 5,0$; ≥ 50 ára $\pm 7,5$. CI (95%) 2014: <30 years old ± 12.5 ; 30-39 years old ± 5.9 ; 40-49 years old ± 5.0 ; ≥ 50 years old ± 7.5 .

Mynd 11. Börn 1–15 ára sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi eftir mestu menntun foreldra

Figure 11. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by parents' highest level of education




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Grunnmenntun $\pm 10,7$; framhalds- og starfsmenntun $\pm 7,3$; háskólamenntun $\pm 4,2$ %. CI (95%) 2014: Primary education ± 10.7 ; secondary education ± 7.3 ; tertiary education ± 4.2 .

Líkurnar á að barn stundi reglulega tómstundaiðju eru meiri því meiri menntun sem foreldrar hafa

Mynd 11 sýnir tómstundaiðkun barna eftir mestu menntun foreldra. Hlutfallið utan tómstundastarfs er hæst á meðal barna foreldra sem aðeins hafa lokið grunnenntun, 45,1%, en lægst á meðal barna sem eiga foreldri sem hefur lokið háskólanámi, 27,5%. Ætla má að þarna spili saman aldur og efnahagsþættir með þeim hætti sem rætt var hér að ofan.

Mynd 12. Börn 1–15 ára sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi eftir heimilisgerð

Figure 12. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 1 fullorðinn m. barn/börn $\pm 9,8$; 2 fullorðnir, 1 barn $\pm 8,1$; 2 fullorðnir, 2 börn $\pm 5,4$; 2 fullorðnir, >2 börn $\pm 6,6$. CI (95%) 2014: 1 adult w. child(ren) $\pm 9,8$; 2 adults, 1 child $\pm 8,1$; 2 adults, 2 children $\pm 5,4$; 2 adults >2 children $\pm 6,6$.

Heimili einstæðra foreldra koma gjarnan verr út úr líf skjaramælingum en aðrar heimilisgerðir. Ástæðan er sú að slík heimili hafa aðeins eina fyrirvinnu en umtalsverða útgjaldabörf. Það er því athyglisvert að börn einstæðra foreldra eru ekki með hæst hlutfall utan tómstundastarfs. Hlutfallið er hæst á meðal einbirna sem bjuggu með tveimur fullorðnum, eða 27,6% árið 2009 og 45,2% árið 2014. Þetta kann að skjóta skökku við þar sem ætla mætti að útgjaldabyrði af tómstundum barna væri þyngri því fleiri sem börnin eru.

Hér má þó ætla að aldur barna og foreldra hafi áhrif eins og rætt var hér að ofan, en meðalaldur einbirna (1–15 ára) árið 2014 var 6,2 ár en meðalaldur barna sem bjuggu á heimilum tveggja fullorðinna með tvö börn er 7,9 ár og meðalaldur barna á heimilum tveggja fullorðinna með þrjú börn eða fleiri var 8,7 ár. Meðalaldur barna einstæðra foreldra var hinsvegar 9,3 ár.

Þá er vert að hafa í huga að ástæðan fyrir því að það hafa verið þróaðar sérstakar mælingar á líf skjörum barna er að það eru ástæður til að ætla að þau endurspegli ekki í öllum tilvikum líf skjör heimilis þeirra. Börn einstæðra foreldra eru gott dæmi um þetta, en líf skjör þeirra og lífsgæði ráðast ekki eingöngu af líf skjörum heimilis þess foreldris sem þau dvelja mest hjá heldur einnig af fjárhag heimilis hins foreldrisins. Líf skjorarannsóknin inniheldur ekki upplýsingar sem geta varpað ljósi á þessa þætti en það kann að vera að umgengisforeldrar leggi margir hverjir sitt af mörkum til lífsgæða barna sinna, t.d. með því að greiða fyrir tómstundastarf.


Mesta breytingin á milli ára er hjá börnum sem tilheyra heimilum með tveimur fullorðnum og þremur börnum eða fleiri. Það verður að taka þeirri niðurstöðu með fyrirvara þar sem hún kann að vera afleiðing mælingaraðferðarinnar. Svarendur eru spurðir hvort öll börn á heimilinu njóti tiltekinna gæða. Ef svarið er nei er gert ráð fyrir því að það eigi við um öll börn á heimilinu. Það er hugsanlegt að ef barnmörg heimili þurfi að skera niður í reglulegri tómstundaiðju barna á heimili þá sé það látið ganga jafnt yfir öll börnin á heimilinu enda viss sanngírni í því. Ef það er

almennt þannig má ætla að breytingin sem við mælum fyrir heimili með þrjú börn endurspeglir raunveruleika þessara fjölskyldna. Á hinn bóginn eru ástæður til að ætla að þetta sé með öðrum hætti, t.d. að þátttaka í tómstundaiðju ráðist af aldri og einstaklingsbundnum þörfum og áhugasviðum. Af því myndi þá leiða að hlutfall barna sem ekki iðka reglulega tómstundaiðju er ofmetið í lífskjararannsókninni.

Til að meta hvort mæld fjölgun barna sem ekki stunda reglulega tómstundaiðju væri drifin áfram af framkvæmd mælingarinnar voru nokkrar lykilgreiningar endurteknar með heimili barna frekar en börnin sjálf sem greiningareiningu. Ef niðurstaðan skýrðist af börnum sem deila heimili mætti gera ráð fyrir að hlutfall heimila þar sem eitt eða fleiri börn stunda ekki reglulega tómstundaiðju væri mun lægra en hlutfall barna sem stunda ekki slíka iðju. Sú varð ekki raunin. Eins og fram hefur komið var hlutfall barna án reglulegs tómstundastarfs 14,3% ári 2009 og 32,2% árið 2014. Hlutfall heimila var mjög svipað, eða 16,9% árið 2009 og 31,9% árið 2014.

Mynd 13. Börn 1–15 ára sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Figure 13. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by tenure status




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Eigandi, skuldlaust ± 10.9 ; eigandi m. lán ± 4.0 ; leigjandi, almennum markað ± 9.9 ; leigjendur, úrræði ± 12.4 . CI (95%) 2014: Owner, no mortgage ± 10.9 ; owner w. mortgage ± 4.0 ; tenant, market rate ± 9.9 ; tenant, reduced ± 12.4 .

Börn leigjenda líklegri til að iðka ekki reglulegt tómstundastarf en börn fólks í eigin húsnæði

Mynd 13 sýnir tómstundaiðkun barna eftir stöðu heimilis þeirra á húsnæðismarkaði. Hlutfallið sem stundar ekki reglulegt tómstundastarf er hærra á meðal barna leigjenda en á meðal barna fólks sem býr í eigin húsnæði. Árið 2014 var hlutfallið hæst á meðal barna leigjenda í hverskyns leiguúrræðum, eða 46,6%, en börn fólks á almennum leigumarkaði voru skammt undan með 42,6%. Hlutfallið var lægst á meðal barna þeirra sem eiga heimili sitt skuldlaust, 26,8% en hlutfallið á meðal barna fólks með húsnæðislán var 29%.

Mynd 14. Börn 1–15 ára sem eru ekki í skipulögðu tómstundastarfi eftir uppruna foreldra


Figure 14. Children 1–15 years that do not participate in organised leisure activities, by country of birth of parents



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Foreldrar fæddir á Íslandi $\pm 3,9$; foreldri fætt erlendis $\pm 7,2$. CI (95%) 2014: Parents born in Iceland ± 3 ; parent born in another country $\pm 7,2$.

Mynd 15. Börn 1–15 ára sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum, sem skortir efnisleg gæði eða eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman 2014

Figure 15. Children living in households at risk of poverty, suffering material deprivation, or have great difficulties making ends meet in 2014



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Foreldrar fæddir á Íslandi: Lágtekjumörk $\pm 2,5$; skortur á efnislegum gæðum $\pm 2,4$; mjög erfitt að láta enda ná saman $\pm 2,5$. Foreldri fætt erlendis Lágtekjumörk $\pm 3,8$; skortur á efnislegum gæðum $\pm 2,4$; mjög erfitt að láta enda ná saman $\pm 5,1$. CI (95%) 2014: Parents born in Iceland: At-risk-of-poverty $\pm 2,5$; material deprivation $\pm 2,4$; great difficulty making ends meet $\pm 2,5$. Parent born in another country: At-risk-of-poverty $\pm 3,8$; material deprivation $\pm 2,4$; great difficulty making ends meet $\pm 5,1$.

Bág lífskjör fátíðari á meðal barna sem eiga foreldri sem fæddist erlendis

Mynd 14 sýnir hlutfall barna sem ekki eru í reglulegu tómstundastarfi eftir uppruna foreldra. Börn sem eru með eitt eða fleiri foreldri á heimilinu sem er fædd erlendis eru borin saman við öll önnur börn. Þessi mæling gefur vísbendingu um muninn á lífskjörum barna innflytjenda og barna sem eiga íslenska foreldra. Árið 2009 var hlutfall barna án reglulegs tómstundastarfs umtalsvert hærra á meðal barna sem

áttu foreldri sem fæddist erlendis en á meðal hinna, eða 26,1% samanborið við 12,8%. Hlutfall breytist lítið sem ekkert hjá börnum sem eiga foreldri fætt erlendis, en árið 2014 var það 26%. Aftur á móti hækkaði hlutfallið mikið hjá börnum sem eiga ekki foreldri sem fæddist erlendis og árið 2014 var það hærra en hjá samanburðarhópnum, eða 33,4%.

Mynd 15 sýnir muninn á milli þessara tveggja hópa árið 2014 á mælikvörðum sem gefa vísendingum um bág lífskjör, þ.e. lágtekjumörk, skortur á efnislegum gæðum og erfiðleikar við að láta enda ná saman. Það er skemmst frá því að segja að allar þessar mælingar benda til þess að hlutfallið sem býr við bág lífskjör sé lægra á meðal barna sem eiga foreldri sem fæddist erlendis en á meðal hinna. Í töflum á vef Hagstofunnar má sjá að þetta er breyting sem hefur átt sér stað á undanfönum tveimur árum en flest árin þar á undan benda mælingar til þess að lífskjör barna innflytjenda sé verri en hinna. Það þarf þó ekki að þýða að lífskjör innflytjenda séu að batna. Innflytjendahópurinn er hreyfanlegri en hinir innfæddu, þ.e. hærra hlutfall hópsins flytur til og frá landinu á hverju ári. Það þýðir að samsetning hópsins getur breyst mjög ört og því geta breytingar á lífskjörum barna sem eiga foreldri fætt erlendis endurspeglað breytingar á samsetningu innflytjenda allt eins og batnandi lífskjör þeirra innflytjenda sem fyrir eru.

Úrtak

Svarhlutfall var 71,1% og svör fengust frá 8.842 einstaklingum á 3.001 heimili árið 2014

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2014 var 4.499 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.221 heimili. Svör fengust frá 3.001 þessarra heimila sem er 71,1% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.842 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd 3. febrúar til 7. maí árið 2014.

Skýringar og hugtök

1. Lífsgæði barna

Í viðauka við lífskjararannsóknina árin 2009 og 2014 fengu þátttakendur röð spurninga um hvort börnin á heimilinu nytu tiltekinna gæða. Árið 2009 var spurt um 14 gæði en 13 árið 2014.

1. Eiga einhver ný föt
2. Eiga tvö pör af skóm sem passa
3. Fá grænmeti eða ávexti a.m.k. einu sinni á dag
4. Fá 3 máltíðir á dag (aðeins 2009)
5. Fá daglega máltíð með kjöti, kjúklingi eða fiski
6. Eiga bækur sem passa aldri
7. Eiga útileikföng
8. Eiga innileikföng
9. Stunda regluleg tómstundaiðja
10. Geta haldið upp á tilefni, s.s. afmæli
11. Geta fengið vini í heimsókn og mat
12. Geta farið í skólaferðir sem kosta peninga
13. Hafa aðstöðu til heimanáms
14. Hafa aðgang að útileiksvæði (aðeins 2009)
15. Geta farið í viku langt frí frá heimili (aðeins 2014)

Valinn svarandi gefur svar fyrir heimilið allt og gert er ráð fyrir að svarið eigi við öll börn á tilskyldum aldri á heimilinu.

2. *Reglulegt tómstundastarf* Þátttakendur í lífshjararannsókninni 2009 og 2014 voru spurðir hvort öll börn á heimilinu stundi íþróttir, tónlist eða annað barna eða unglingastarf.
3. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
4. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
5. *Tekjubil* Í þessu hefti er tekjudreifingunni skipt í 5 jafn stóra hluta eftir ráðstöfunartekjum á neyslueiningu, svokölluð fimmtungabil (e. *income quintiles*).
6. *Lágtekjuhluftfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhluftfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 3) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í viðkomandi landi. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
7. *Skortur á efnislegum gæðum* Fólk telst búa við skort á efnislegum gæðum ef þrennt af eftirfarandi á við og verulegan skort ef fernt á við:
1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
 2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
 3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
 4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
 5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
 6. Hefur ekki efni á sjónvarpstækni.
 7. Hefur ekki efni á þvottavél.
 8. Hefur ekki efni á bíl.
 9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.
8. *Erfiðleikar að láta enda ná saman* Þátttakendur í lífshjararannsókninni eru beðnir að svara eftirfarandi spurningu: Hvernig gengur heimilinu að ná endum saman?
16. Mjög erfitt
 17. Erfitt
 18. Nokkuð erfitt
 19. Nokkuð auðvelt
 20. Auðvelt
 21. Mjög auðvelt

9. *Búseta* Þéttbýli er skilgreint sem svæði með yfir 500 íbúa á ferkílómetra og heildaríbúa-fjölda yfir 50 þúsund á samliggjandi svæðum. Drefibýli er skilgreint sem svæði með undir 100 íbúa á ferkílómetra. Í reynd greinir þessi breyta á milli höfuðborgar-svæðisins og landsbyggðarinnar.
10. *Aldur foreldra* Aldur foreldra barna sem búa hjá einstæðum foreldrum er skilgreind út frá því foreldri sem börnin deila heimili með. Aldur foreldra barna með tvo foreldra á heimili er skilgreind út frá menntun þess foreldris sem hefur lokið meira námi.
11. *Menntun foreldra* Menntun foreldra barna sem búa hjá einstæðum foreldrum er skilgreind út frá því foreldri sem börnin deila heimili með. Menntun foreldra barna með tvo foreldra á heimili er skilgreind út frá menntun þess foreldris sem hefur lokið meira námi.
12. *Uppruni foreldra* Börn eru talin eiga foreldra af erlendum uppruna ef a.m.k. eitt foreldri á heimilinu er fætt í öðru landi en Íslandi.
13. *Staða á húsnæðismarkaði* Þegar staða fólks á húsnæðismarkaði er skilgreind er byrjað á því að greina í sundur fólk sem býr í eigin húsnæði og fólk sem leigir húsnæði sitt. Þessum hópum er svo skipt upp í tvo undirhópa. Fólk sem býr í eigin húsnæði skiptist í eigendur með og án húsnæðislána. Leigjendum er skipt í þá sem leigja húsnæði sitt á almennum markaði og þá sem leigja húsnæði sitt undir markaðsverði í gegnum tiltekin hús næðis úrræði á borð við félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaga eða námsmanna húsnæði. Að auki er einn hópur til viðbótar, þ.e. fólk sem býr gjaldfrjálst í húsnæði sem ekki er þeirra eigin. Sá hópur er hinsvegar of fámennur til að nota í greiningar.
14. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
15. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.
16. *Könnunarár og tekjuár* Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár sem er það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

In 2014 11.4% of children 0–17 years lived in households that had great difficulties in making ends meet, 10% in households at risk of poverty, and 7.7% in materially deprived households. The proportion living in households finding it very difficult to make ends meet fell by 2.9% from the previous year, the proportion at risk of poverty fell by 2.2%, and the proportion of materially deprived by 0.6%.

In 2013 Iceland had the fifth lowest proportion of children living in households that were at risk of poverty and the sixth lowest experiencing material deprivation. The proportion of households with children having great difficulty making ends meet was, however, similar to that of the Euro area average.

It is quite rare for 1–15 year old children in Iceland to be deprived of child specific goods, as measured in the 2009 and 2014 ad-hoc modules of the EU-SILC, with the exception of organized leisure activities. In 2014 just under one third of children did not partake in organized leisure, an increase from 14.3% in 2009.

In 2014 37% of 1–15 year old children in the lowest income quintile did not participate in organized leisure activities, compared to 18.5% in the top quintile. This was also the case for 45.1% of children whose parents had only completed primary education, compared to 27.5% of children who had at least one parent with university education. As regards household types, the highest proportion was found for children living in 2 adult with 1 child households, 45.2%, and the lowest proportion in households made up of two adults and two children, 25.4%. The proportion for children living with single parents was 32.9%.

Tafla 1. Börn 0–17 ára sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum á Íslandi
Table 1. Children 0–17 years old living in households at risk of poverty in Iceland

	Hlutfall <i>Percent</i>											95% öryggis- bil <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2014
Allir <i>All</i>	11,5	10,1	11,5	11,9	11,2	9,9	12,6	11,2	10,0	12,2	10,0	2,2
Kyn <i>Sex</i>												
Drengir <i>Boys</i>	11,4	10,7	11,4	11,1	10,5	9,3	12,3	10,6	9,7	12,6	10,0	2,7
Stúlkur <i>Girls</i>	11,5	9,4	11,7	12,7	11,9	10,5	12,8	11,9	10,4	11,8	10,0	2,6
Aldur <i>Age</i>												
0–5	14,7	11,9	12,7	15,8	13,1	14,5	15,4	14,1	12,9	16,1	11,4	3,3
6–11	10,0	8,9	11,1	11,7	11,5	7,3	10,8	10,3	9,8	11,5	8,6	2,8
12–17	10,0	9,6	10,9	8,3	9,1	7,3	11,1	9,2	7,1	8,7	9,8	2,7
Búseta <i>Degree of urbanization</i>												
Þéttbýli <i>Densely populated</i>	10,6	7,5	8,9	9,2	9,6	9,0	10,1	10,8	10,0	11,7	9,0	2,5
Dreifbýli <i>Sparsely populated</i>	13,0	14,1	15,7	16,1	13,7	11,3	16,6	11,9	10,1	13,0	11,5	4,1
Heimilisgerð <i>Household type</i>												
1 fullorðinn með barn/börn <i>1 adult with child(ren)</i>	22,4	15,9	29,3	27,8	30,1	24,0	33,6	30,9	28,3	29,9	24,3	8,8
2 fullorðnir, 1 barn <i>2 adults, 1 child</i>	8,4	8,1	10,3	6,9	7,0	5,9	6,2	8,6	5,2	9,8	7,6	3,6
2 fullorðnir, 2 börn <i>2 adults, 2 children</i>	7,4	8,4	6,8	7,9	3,7	4,6	6,3	7,1	6,0	5,9	4,0	2,1
